



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

25. apríl 2006

Mál nr. S-1999/2005:
Ákærandi: Ríkissaksóknari
(*Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari*)

Ákærði: Einar Björn Tómasson
(*Sigmundur Hannesson hrl.*)

Dómari: Símon Sigvaldason héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 25. apríl 2006 í máli nr. S-1999/2005:

Ákærvaldið

(Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari)

gegn

Einari Birni Tómassyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 29. mars 2006, er höfðað með ákæru útgefinni af ríkissaksóknara 28. nóvember 2005 á hendur Einari Birni Tómassyni, Tómasarhaga 18, Reykjavík, fyrir umferðarlagabrot og brot gegn valdstjórninni að kvöldi föstudagsins 18. mars 2005 eins og hér greinir:

1. Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreiðinni NJ-431 undir áhrifum áfengis (áfengismagn í blóði 2,19‰) frá bryggjuhverfinu í Grafarvogi að Tómasarhaga 18, Reykjavík.
2. Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, við og í bifreiðageymslu við Tómasarhaga 18, þegar lögreglumaðurinn A reyndi að hindra frekari akstur ákærða;
 - a. ekið bifreið sinni á lögreglumanninn sem stóð framan við bifreiðina með þeim afleiðingum að lögreglumaðurinn hlaut áverka á hægri hné,
 - b. ekið bifreið sinni inn í bifreiðageymsluna með þeim afleiðingum að lögreglumaðurinn, sem brotið hafði hliðarrúðu bifreiðarinnar og reynt að opna framhurð hennar innan frá, dróst með henni inn í bifreiðageymsluna,
 - c. rífið í hægri öxl lögreglumannsins svo axlarsproti rifnaði af einkennisjakka hans og slegið lögreglumanninn hnefahögg í kviðinn er hann reyndi að koma handjárnnum á ákærða inni í bifreiðageymslunni.

Háttsemi ákærða samkvæmt 1. tölulið er talin varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en brot samkvæmt 2. tölulið við 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar samkvæmt 1. mgr., sbr. 3. mgr., 102. gr. umferðarlaga, sbr. 8. gr. laga nr. 84/2004. Í

málinu krefst A skaðabóta að fjárhæð 348.668 krónur auk vaxta samkvæmt lögum nr. 38/2001 frá 18. mars 2005 til 20. júlí 2005 en síðan dráttarvaxta til greiðsludags.

Af hálfu verjanda er þess krafist að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Í þinghaldi 11. janúar 2006 hafði verjandi ákærða uppi kröfu um frávísun sakarefnis samkvæmt 2.tl. ákæru frá dómi. Með úrskurði dómsins frá 6. mars sl. var frávísunarkröfu ákærða hafnað.

Í þinghaldi 29. mars sl. óskaði sækjandi eftir að leiðrétta dagsetningu í ákæru og miða við að brot ákærða hafi átt sér stað að kvöldi föstudagsins 18. mars 2005, en ekki aðfaranótt laugardagsins 19. mars 2005, svo sem ákæra miðar við. Er sú leiðrétting í samræmi við 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

1.tl.

Ákærði hefur skýlaust játaði sakargiftir samkvæmt þessum lið ákærunnar. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarstofu í lyfjafræði mældist 2,19 o/oo alkóhóls í blóði ákærða þetta sinn. Með vísan til játningar hans, sem samrýmist öðrum gögnum málsins, er sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefið að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru að þessu leyti.

2. tl.

Lögreglunni í Reykjavík barst 18. mars 2005 kl. 19.50 tilkynning um að ökumaður væri að aka bifreiðinni NJ-431 frá Básabryggju í Reykjavík og að leið hans lægi að Tómasarhaga. Léki grunur á um að ökumaður væri ölvaður. Í skýrslu lögreglu kemur fram að bifreiðinni hafi verið veitt eftirtekt þar sem henni hafi verið ekið vestur Hjarðarhaga og inn Tómasarhaga. Ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, hafi ekki sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu heldur ekið að húsi nr. 18 við Tómasarhaga og staðnæmst við bifreiðageymslu hússins. Hafi lögreglumaðurinn A gengið að bifreið ákærða og gefið til kynna að hann vildi ræða við hann. Ákærði hafi ekki sinnt því og gert sig líklegan til að aka inn í bifreiðageymslu. Hafi A gengið fram fyrir bifreiðina og gefið ákærða fyrirmæli um að drepa á bifreiðinni. Ákærði hafi hins vegar ekið hratt af stað og á A sem hafi fengið stuðara bifreiðarinnar í hægra hné og við það kastaðist af henni. Hafi A gengið að bifreiðinni og með lögreglukylfu brotið hliðarrúðu hennar við ökumannssæti. Hafi hann því næst gripið í ákærða sem þá hafi ekið bifreiðinni inn

í bifreiðageymsluna. Hafi A dregist með bifreiðinni inn í geymsluna. Eftir að inn kom hafi honum tekist að setja handjárn á úlnlið vinstri handar ákærða sem náð hafi taki á jakka lögreglumannsins og rífið hann. Ákærði hafi slegið A þungt hnefahögg í kviðinn en skömmu síðar verið yfirbugaður af A og fleiri lögreglumönnum sem komið hafi á vettvang lögreglumönnum til aðstoðar.

Ákærði var handtekinn og færður á lögreglustöð. Tekið var úr honum blóðsýni kl. 20.42 til alkóhólrannsóknar og reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 2,19‰. Var hann vistaður í fangageymslu fram á næsta dag þar til skýrsla vegna atburðarins var tekin af honum. Var honum tilnefndur verjandi, sem var viðstaddur skýrslutökuna. Kvaðst hann viðurkenna hafa drukkið áfengi að kvöldi föstudagsins en hafa sofið eftir að áfengisneyslu lauk. Kvaðst hann hafa talið sig hafa verið undir leyfilegum mörkum þegar hann ók bifreiðinni. Hann kvaðst ekki muna eftir því að hafa ekið á lögreglumann en hann hafi ætlað að aka bifreið sinni inn í bifreiðageymslu. Það gæti verið að hann hafi ýtt við lögreglumanninum en þá hafi það verið óviljaverk enda hafi hann verið „stressaður” og því gæti verið að hann hafi stigið fastar á bensínjölfina en bremsuna. Hann kvaðst ekki hafa slegið lögreglumanninn í kviðinn. Síðar sama dag kom ákærði aftur á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur lögreglu vegna ofbeldis er hann hefði orðið fyrir af hálfu lögreglumanna kvöldið áður.

Að beiðni lögreglunnar í Reykjavík ritaði Hrafnkell Óskarsson læknir vottorð vegna komu A á slysa- og bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss 18. mars 2005. Í vottorðinu segir m.a: „Við skoðun sér maður bólgu yfir hnjáskeljarsininni hægra megin og þar er byrjandi mar, virðist vera smá blæðing inn í bursuna, sem er slímsekkur við sinina. Ekki eru merki um áverka á sjálfan hnéliðinn. Hvað sjalvöðva og axlir varðar þá virðast þau einkenni horfin við skoðun og við skoðun á kvið er ekki hægt að sjá neitt öruggt mar, kviður er mjúkur og ekki merki um alvaralega áverka, en eymsli vinstra megin við nafla. A er í einkennisbúningi og er greinilega búið að rífa spæl af lögreglujakkanum hægra megin. Fær almenna ráðgjöf og ekki talið ósennilegt að fram geti komið frekari tognunar- eða mareinkenni.” Fram kemur að við endurkomu á slysadeild 20. mars 2005 hafi mátt sjá á A marbletti. Hafi verið um að ræða 4 cm marblett, utan og ofan við hægri hnéskei og nokkra minni bletti umhverfis hnéskeiðjarsinina. Ekki hafi verið komið fram mar á kvið en enn hafi verið þar væg eymsli. Ekki hafi verið að finna merki um alvarlegri áverka á hné, en sennilega smávægilegur vökvi í því við síðari skoðun. Í niðurlagi vottorðsins segir að merki væru um beinan áverka á hægri hné og óþægindi í kvið sem gæti verið eftir högg.

Tæknideild lögreglunnar í Reykjavík tók ljósmyndir á vettvangi 18. mars 2005. Liggja þær fyrir í rannsóknargögnum málsins merktar skjal nr. 17-1. Í myndamöppu tæknideildar er einnig að finna myndir af lögreglubúningi A, sem og af A sjálfum. Þá liggur fyrir skýrsla lögreglu en þar er aðkomu á vettvangi lýst svo að

bifreiðin NJ-431 hafi verið inni í bifreiðageymslu við húsið og hurðin að geymslunni verið opin. Rúða í öikumannshurð bifreiðarinnar hafi verið brotin og glerbrot hafi m.a. verið inni í bifreiðinni og á stæðinu framan við bifreiðageymsluna. Handaför hafi verið á vélarloki bifreiðarinnar. Svonefndur axlarspæll, sem sé lögreglueinkenni, hafi legið á gólfi bifreiðarinnar framan við hægra framsæti. Eins og bifreiðin hafi verið staðsett í bifreiðageymslunni hafi verið nokkuð þröngt til að athafna sig. Breidd hurðarops bifreiðageymslunnar sé um 2,28 m. Innan við hurð bifreiðageymslunnar sé breidd geymslunnar um 3,60 m.

Ákærði kvaðst hafa ekið bifreið sinni frá svonefndu bryggjuhverfi í Grafarvogi áleiðis að Tómasarhaga að kvöldi föstudagsins 18. mars 2005. Hafi hann fyrst orðið var við ferðir lögreglu þegar hann hafi ekið inn á bifreiðastæði við Tómasarhaga 18. Lögreglubifreiðinni hafi verið lagt úti við götu í um 10 metra fjarlægð. Hafi hann séð lögreglumann ganga upp að bifreið sinni og banka á hliðarrúðu. Kvaðst hann hafa verið búinn að ýta á bílskúrshurðaropnara og ætlað að aka bifreiðinni inn í bifreiðageymslu og ræða svo við lögregluna eftir það. Hafi bifreiðin verið í um 4 metra fjarlægð frá hurð bifreiðageymslunnar. Hafi hann ekki orðið var við að lögreglumaður hafi reynt að opna hurð bifreiðarinnar en talið hana hafa verið læsta. Hafi ákærði séð lögreglumanninn ganga að bifreiðinni bifreiðastjóramegin og leggja vinstri höndina á vélarhlífina. Hafi ákærði þá verið byrjaður að aka „aðeins áfram” en þá hafi lögreglumaðurinn tekið upp kylfu og brotið hliðarrúðu í bifreiðinni. Þá hafi ákærði ekið bifreiðinni inn í bifreiðageymsluna en honum hafi verið mjög brugðið. Ákærði hafi ekki ekið á lögreglumanninn enda hafi lögreglumaðurinn ekki verið fyrir framan bifreiðina heldur rétt við framhjól bifreiðarinnar. Ekki kvaðst ákærði átta sig á hvers vegna hann hafi ekki farið út úr bifreiðinni á þessum tímapunkti og rætt við lögreglumanninn en það hafi alltaf verið ætlun hans að ræða við hann. Hann hafi „panikerað” og því gert þau mistök að aka inn í bifreiðageymsluna. Ekki kvaðst ákærði hafa áttað sig á hvaða skilaboðum lögreglumaðurinn hafi verið að reyna að koma til hans. Þá kvaðst ákærði ekki hafa orðið var við að lögreglumaðurinn hafi dregist með bifreiðinni inn í bifreiðageymsluna en hugsanlegt væri að hann hafi hlaupið með bifreiðinni. Inni í bifreiðageymslunni hafi ákærði spurt lögreglumanninn að því hvað væri um að vera og beðið hann um að róa sig. Lögreglumaðurinn hafi komið „hálfur inn” um glugga bifreiðarinnar og ætlað að drepa á vél hennar en við það hafi ákærði orðið ennþá smeykari.

Lögreglumanninum hafi tekist að koma handjárnnum á aðra hendi ákærða. Ekki hafi ákærði slegið lögreglumanninn í kviðinn. Lögreglumaðurinn hafi sjálfur „panikerað” og væru sakir á ákærða um að hafa lamið lögreglumanninn upplognar. Lögreglumaðurinn hafi sprautað miklu magni af úða framan í ákærða þar sem ákærði

hafi setið inni í bifreiðinni. Það hafi verið óþarfi enda hefði ákærði ekki komist burt. Þar fyrir utan hafi hann á þessum tímapunkti séð í baksýnispeglinum lögreglukonu á leið inn í bifreiðageymsluna. Ákærði hafi sett hendur fyrir sig og farið út úr bifreiðinni en ekkert séð. Hugsanlegt væri að hendur hans hafi farið í kvið lögreglumannsins á þeirri stundu. Kvaðst ákærði hafa verið yfirbugaður af miklu afli af lögreglumönnum sem hafi tekið vel á honum og skellt honum niður. Hann hafi margoft beðið lögreglumenn um að róa sig en verið handjárnaður. Hafi atburðarásin öll verið mjög hröð. Ákærði kvaðst ekki átta sig á því hvenær axlarsproti á einkennisjakka lögreglumannsins hafi rifnaði af en kvaðst telja að hann hafi ekki rifið í öxl hans. Það kunni að hafa átt sér stað þegar lögreglumaðurinn hafi verið að sprauta á ákærða úða eða þegar lögreglumaðurinn hafi verið hálfur inni í bifreið ákærða. Ákærði kvaðst hafa skrámast við þessar aðfarir og hafi hendur farið illa, m.a. undan handjárnnum. Þá hafi hann fengið úða í andlit, háls og á hendur. Hafi hann verið lengi uppi á spítala þar sem talsverðan tíma hafi tekið að þrífa af honum úðann. Ákærði kvaðst ekki hafa verið ofurölvi greint sinn. Kvaðst hann vera skipstjóri að starfi og vera 187 cm á hæð og 92 til 93 kg. að þyngd.

Lögreglumaðurinn A kvaðst hafa verið á vakt í vesturbænum að kvöldi föstudagsins 18. mars 2005 ásamt Arnþrúði Maríu Felixdóttur þegar tilkynning hafi borist um ölvaðan ökumann á leið að Tómasarhaga. Lögreglumenn hafi veitt bifreiðinni eftirtekt er henni var ekið framhjá þeim. Ökumaður hafi ekki sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu þrátt fyrir að hafa verið gefið bæði ljós og hljóðmerki. Hafi það vart átt að geta hafa farið fram hjá ákærða að honum hafi verið veitt eftirför af hálfu lögreglu. Bifreiðinni hafi síðan verið ekið hratt inn á bifreiðastæði framan við húsið nr. 18 við Tómasarhaga. Lögreglubifreiðinni hafi verið lagt úti við götu um tveimur bíllengdum frá bifreið ákærða. Hafi A gengið upp að bifreiðinni og bankað á rúðuna hjá ákærða. Ákærði hafi horft framan í A en ekki virt hann viðlits. Hafi A fundist ákærði bæði sljór og í annarlegu ástandi. Í því hafi hann veitt því eftirtekt að hurð að bifreiðageymslu hafi opnast. Hafi hann þá gengið fram fyrir bifreiðina og staðið gegnt ökumanni um tvö fet frá bifreiðinni. Hafi hann náð augnsambandi við ákærða, rétt hendurnar fram fyrir sig með lófa að ákærða og kallað til hans að drepa á bifreiðinni. Hafi tilgangurinn með þessu verið sá að koma í veg fyrir að ákærði æki inn í bifreiðageymsluna sem hefði getað leitt til þess að hann kæmist undan. Ákærði hafi ekki sinnt þessu og ekið bifreiðinni á A. Hafi bifreiðin hafnað á hægri hné A. Um leið hafi A lagt hendur á vélarhlíf bifreiðarinnar til að getað kastað sér til hliðar og frá henni. Hafi hann í beinu framhaldi gengið að bifreiðastjórarahurðinni, sem hafi reynst læst, og í kjölfarið brotið hliðarrúðu við ökumanssætið í þeim tilgangi að reyna að opna hurðina. Þá hafi ákærði ekið bifreiðinni af stað aftur og A borist með bifreiðinni inn í bifreiðageymsluna. Hafi hann þó ekki verið fastur og sennilega hálfpartinn haldið

sér í bifreiðina, en allt hafi þetta gerst mjög hratt. Þegar inn í bifreiðageymsluna kom hafi ákærði stöðvað bifreiðina þétt upp við vegg þannig að stutt bil hafi verið var á milli veggjar og bifreiðarinnar. Ekki kvaðst A muna hvort ákærði hafi opnað bifreiðastjórahurðina eða hvort A hafi sjálfur gert það, en það næsta sem hann myndi var að hann hafi náð taki á annarri hendi ákærða og sett á hana handjárn. Þá hafi hurð að bifreiðageymslunni lokast en Arnþrúður þá verið komin inn og staðið aðþrengd hinum megin við bifreiðina. Ákærði hafi haldið fast í stýrið og hafi A reynt að losa tak hans með því að toga í þumalfinger. Þá hafa ákærði slitið sig lausan, gripið í jakka A og sagt „nú ert þú kominn inn á mitt heimili“. Ákærði hafi rifið fast í hann, haldið honum og úr öikumannssæti bifreiðarinnar slegið hann hnefahögg fast í kviðinn. Hafi A tekið á móti honum enda ákærði haldið áfram að kýla út í loftið. Hafi A þá tekið upp úða og sprautað í andlit ákærða og þannig yfirbugað hann samstundis. Hafi allar aðstæður til athafna verið mjög erfiðar þar sem að hurð bifreiðarinnar hafi verið utan í vegg bifreiðageymslunnar og hann verið króaður af. Þegar þar kom sögu hafi Arnþrúður verið komin upp að A og aðstoðaði hann við að leiða ákærða út um hurð bifreiðageymslunnar, en hana hafi A opnað með fjarstýringu innan úr bifreiðinni. A kvaðst ekki hafa tekið eftir því að axlarsproti hafi rifnað af jakka hans en hafa verið bent á það eftir atburðina að hann hafi legið á gólfi bifreiðarinnar. Kvaðst A muna eftir því að eitthvað hafi brostið í jakkanum þegar ákærði hafi þrifið í A. A kvaðst hafa upplifað atburði þannig að um hættulega árás hafi verið að ræða og hafi hann brugðist við henni eins og lögreglumönnum væri kennt að gera. Það byggðist þó alltaf á mati lögreglumanns á aðstæðum hverju sinni. A kvaðst hafa hlotið mar á hægri hné við ákeyrsluna. Þá hafi hann verið talsvert hrufaður. Hann kvaðst ekki bera varanlegan skaða af þessu en þó heyrðust brestir í hnénu við beygjur. A kvaðst hugsa mikið um þetta atvik. Ætti hann það til að finna fyrir ákveðnu óöryggi í starfi sem hugsanlega mætti rekja til þess að hann hafi verið innikróaður í bifreiðageymslunni ásamt ákærða.

Arnþrúður María Felixdóttir lögreglumaður lýsti tildrögum þess að ákærða var veitt eftirför að Tómasarhaga 18 með sama hætti og A, en hún kvaðst hafa verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar umrætt sinn. Kvaðst hún hafa veitt því eftirtekt að ákærði hafi litið í baksýnispegil bifreiðari sinnar eftir að lögreglubifreiðinni hafi verið ekið að bifreið hans og því talið víst að hann hafi tekið eftir lögreglubifreiðinni. Auk þess hafi aðvörunarljós verið kveikt sem og hljóðmerki. Þegar að Tómasarhaga 18 kom hafi A gengið upp að bifreið ákærða og bankað á rúðu hennar. Ákærði hafi ekki brugðist við því. Hafi hún þá séð hurð að bifreiðageymslunni hafa opnast og séð A ganga fram fyrir bifreiðina og gefa ákærða merki með handbendingu um að halda kyrru fyrir. Hún hafi farið út úr lögreglubifreiðinni og gengið í átt að þeim. Þá hafi hún séð ákærða aka bifreiðinni áfram og á A, sem við það hafi hrökklast frá bifreiðinni. A hafi dregið upp lögreglukylfu, með henni brotið hliðarrúðu við

ökumannssæti og án árangurs reynt að opna hurð bifreiðarinnar. Á þeim tímapunkti hafi hún verið komin upp að A en þá hafi ákærði ekið bifreiðinni af stað inn í bifreiðageymsluna. Hafi A dregist eða hlaupið með bifreiðinni. Þegar inn í bifreiðageymsluna kom hafi hún reynt að komast inn í bifreiðina farþegamegin en hurðin verið læst. Þá hafi hurð bifreiðageymslunnar lokast og hún af þeim sökum kallað eftir frekari aðstoð lögreglu. Í framhaldi hafi hún farið yfir til A. Mjög lítið rými hafi verið í bifreiðageymslunni og hún þurft að klöngrast yfir afturhluta bifreiðarinnar. Hafi hún þá séð hurð bifreiðarinnar við öikumannssæti opna til hálf og handjárn á vinstri hendi ákærða. Ákærði hafi sagt „nú ert þú inni á mínu heimili” og slegið ítrekað til A með hægri hendi. Hún hafi ekki séð hvar högginn lentu en þó hafi þau ekki hafnað í andliti A. Þá hafi henni virst sem ákærði, sem enn sat í bifreiðinni, hafi haldið A föstum en A hafi náð að sprauta úða í andlit hans. Ákærði hafi þá sett hendur fyrir andlit sitt og fljótlega verið yfirbugaður. Hafi A togað í hægri hendi ákærða og náð honum út úr bifreiðinni. Í framhaldi hafi hann náð til hurðaropnara inni í bifreiðinni og opnað hurðina að bifreiðageymslunni. Saman hafi þau fært ákærða út fyrir og fært hann þar í handjárn. Í sama mund hafi fleiri lögreglumenn komið á vettvang. Ákærði hafi verið æstur í skapi allt þar til hann hafi fengið úða í andlitið en eftir það hafi hann róast. Hafi hann augljóslega verið undir einhverskonar áhrifum. Arnþrúður kvaðst ekki hafa veitt því eftirtekt er axlarsproti af einkennisjakka A hafi rifnaði af. Arnþrúður kvað þennan atburð vera sér minnistæðan enda fátítt að svona atvik ættu sér stað.

Niðurstaða:

Ákærði hefur borið að hann hafi ákveðið að aka bifreiðinni NJ-431 inn í bifreiðageymslu hússins nr. 18 við Tómasarhaga, að kvöldi föstudagsins 18. mars 2005. Hefur hann synjað fyrir að hafa orðið var við ferðir lögreglu fyrr en eftir að hann hafi stöðvað bifreiðina við bifreiðageymsluna. Hefur hann viðurkennt að hafa orðið var við lögreglumanninn A við bifreiðageymsluna og áttað sig á að lögreglumaðurinn vildi ná af honum tali. Hann hefur synjað fyrir að hafa ekið bifreiðinni á A. Við það að A braut hliðarrúðu í bifreiðinni hafi ákærði brugðist rangt við með því að aka bifreiðinni inn í bifreiðageymsluna. Ekki hafi hann orðið var við að A hafi dregist með bifreiðinni inn í bifreiðageymsluna. Eftir að inn kom hafi A veist að ákærða og sprautað úða framan í hann. Hefur ákærði synjað fyrir að hafa slegið A hnefahögg inni í bifreiðageymslunni, eða að hafa rifið í hægri öxl lögreglumannsins svo axlarsproti hafi rifnað að einkennisjakka lögreglumannsins.

Lögreglumennirnir A og Arnþrúður María hafa borið með svipuðum hætti um atvik. Hafa þau bæði staðhæft að ákærði hafi orðið ferða lögreglu var áður en hann hafi ekið bifreið sinni upp að bifreiðageymslu við hús nr. 18 við Tómasarhaga. Þá hafa

Þau bæði borið að ákærði hafi ekki sinnt fyrir mælum A um að skrúfa niður hliðarrúðu til að ræða við A, heldur opnað hurð að bifreiðageymslu og gert sig líklegan til að aka þar inn. Hafi A þá gengið fram fyrir bifreiðina og gefið ákærða ótvíræð fyrir mæli um að halda kyrru fyrir. Ákærði hafi hins vegar brugðist þannig við að hann hafi ekið bifreiðinni áfram og á A. A hafi stokkið frá bifreiðinni og í framhaldi brotið hliðarrúðu við öikumannsæti, í þeim tilgangi að ná til kveikjuláslykla bifreiðarinnar. Ákærði hafi þá ekið bifreiðinni inn í bifreiðageymsluna og A hlaupið eða færst með bifreiðinni inn í bifreiðageymsluna. Í þann mund hafi hurð bifreiðageymslunnar lokast. A hafi náð að setja handjárn á vinstri hendi ákærða, sem hafi haldið um stýri bifreiðarinnar með þeirri hægri. Eftir að A hafi náð að losa þá hendi, hafi ákærði slegið A hnefahögg í kviðinn með þeirri hendi. A hafi þá gripið til þess ráðs að sprauta úða framan í ákærða, sem við það hafi látið af mótþróa. Í sama mund hafi Arnþrúður verið komin til A og þau í sameiningu fært ákærða út úr bifreiðageymslunni þar sem hann hafi verið færður í handjárn.

Ákærði varð var ferða lögreglumannsins A í síðasta lagi er A stóð við hlið bifreiðar ákærða. Bar honum þá skilyrðislaust að hlýða þeim fyrir mælum A að skrúfa niður rúðu til að ræða við hann. Þeim fyrir mælum sinnti hann ekki, heldur gerði sig líklegan til að aka bifreiðinni. Þá liggur fyrir að A fór fram fyrir bifreið ákærða til að varna því að hann æki henni áfram og inn í bifreiðageymsluna. Fyrir framan bifreiðina gaf hann ákærða ótvírætt fyrir mæli um að aka bifreiðinni ekki áfram. Þeim fyrir mælum sinnti ákærði ekki. Samkvæmt áverkavottorði Hrafnkels Óskarssonar lækni mátti sjá við skoðun á A þetta sama kvöld bólgu yfir hnéskeljar sin hægra megin og þar byrjandi mar, sem og smá blæðingu í slímsekk við sinina. Við endurkomu á slysadeild tveim dögum síðar reyndist vera um 4 cm marblettur utan og ofan við hægri hnéskel, auk þess sem nokkrir minni blettir voru umhverfis hnéskeljar sinina. Áverkar þessir samrýmast þeirri staðhæfingu A, sem studd er framburði Arnþrúðar Maríu, að ákærði hafi ekið bifreið sinni á hægra hné A, svo sem honum er gefið að sök.

Við þessar aðstæður átti lögreglumaðurinn A þann kost að láta ákærða halda för sinni áfram eða grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að stöðva för hans. A hefur borið að hann hafi sannreynt að hurð bifreiðarinnar hafi verið læst og að hann hafi af þeim ástæðum ekki komist inn í bifreiðina. Þetta væri stöð í framburði ákærða sjálfs, sem og Arnþrúðar Maríu sem hefur borið að hún hafi reynt að opna hurð bifreiðarinnar farþegamegin, en sú hurð hafi verið læst. Lögreglu hafði borist tilkynning um að grunur léki á um að ákærði væri ölvaður við akstur bifreiðarinnar. Þá hefur A staðhæft að hann hafi tekið eftir því að ákærði var í annarlegu ástandi undir stýri bifreiðarinnar. Ljóst má því vera að talsverð hætta stafaði af ákærða undir stýri bifreiðarinnar, sérstaklega í ljósi þess að hann hafði í tvígang áður virt að vettugi skýr

fyrirmæli lögreglu. Hafði lögreglumaðurinn enga vissu fyrir því hvernig ákærði myndi haga för sinni. Var lögreglumanninum því við þær aðstæður rétt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að stöðva frekari för hans. Ekki liggur fyllilega ljóst fyrir hvort A hljóp með bifreiðinni inn í bifreiðageymsluna eða hvort hann dróst með henni. Hefur A sjálfur ekki getað kveðið upp úr um það og kvaðst Arnþrúður María ekki hafa séð það með óyggjandi hættu. Verður því ekki slegið föstu að A hafi dregist með bifreiðinni inn í bifreiðageymsluna, svo sem ákæra miðar við.

Teknar voru ljósmyndir af vettvangi. Sýna þær að lýtið rými er sitt hvoru megin við bifreiðina NJ-431 inni í bifreiðageymslunni. Samræmist það framburðum A og Arnþrúðar Maríu. Má ljóst vera að A hefur haft lítið rými til að athafna sig inni í bifreiðageymslunni við að handtaka ákærða. A hefur fullyrt að ákærði hafi slegið sig hnefahögg í kviðinn eftir að honum hafi tekist að koma handjárnnum á vinstri hendi hans. Hefur Arnþrúður María borið að hún hafi séð ákærða slá til A, án þess að hafa séð hvar högginn lentu. Í læknisvottorði Hrafnkels Óskarssonar læknis kemur fram að A hafi verið með eymsli í kvið vinstra megin við nafla. Við endurkomu hafi hann enn verið með væg eymsli í kvið. Gera verður ráð fyrir að læknirinn hafi þreifað á þessu svæði og með því greint þau sjúkdómseinkenni er læknisvottorð getur um. Með vísan til þessa vottorðs og framburða A og Arnþrúðar Maríu slær dómurinn því föstu að ákærði hafi slegið A hnefahögg í kveðinn, svo sem ákæra miðar við. Hvorki A né Arnþrúður María urðu vör við er axlarsproti rifnaði af einkennisjakka A. Axlarspæll er tryggilega festur við lögreglubúning með saumi. Þar sem við lítið er að styðjast um hvernig spællinn losnaði af búningnum verður ekki við annað komið en að sýkna ákærða af því að hafa rifið merkið af einkennisbúningi lögreglumannsins. Sú atburðarás sem hér að framan hefur verið sannreynnd miðar við að ákærði hafi beitt lögreglumann líkamlegu ofbeldi með því að aka bifreið á hann og slá hann í kviðinn. Slík háttsemi er brot gegn valdstjórninni. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot gegn 106. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur í maí 1970. Samkvæmt sakavottorði gekkst hann undir sátt á árinu 1997 fyrir fíkniefnalagabrot. Þá var hann dæmdur 1998 fyrir brot gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Var sá dómur staðfestur í Hæstarétti Íslands á árinu 1999. Háttsemi ákærða var háskaleg en með framferði sínu stofnaði hann að nauðsynjalausu í hættu lífi og heilsu lögreglumanns, sem var að gegna skyldustörfum sínum. Með hliðsjón af því, sem og 1. og 3. tl. 1. mgr. 70. gr. og 77. gr. laga nr. 19/1940, er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Í ljósi sakaferils hans og háttseminnar þykir fært að skilorðsbinda refsinguna með þeim hætti er í dómsorði greinir.

Kristján B. Thorlacius héraðsdómslögmaður hefur sett fram skaðabótakröfu fyrir hönd A lögreglumanns, að fjárhæð 348.668 krónur, auk vaxta. Er krafan sundurliðuð með þessum hætti:

- Þjáningabætur skv. 3. gr. skaðabótalaga	40.800 krónur
- Miski skv. 26. gr. skaðabótalaga	250.000 krónur
- Lögmansþóknun	46.480 krónur
- Virðisaukaskattur af lögmansþóknun	11.388 krónur

Um rökstuðning fyrir þjáningabótum er vísað til þess að A hafi verið sendur heim að lokinni skoðun með almennar ráðleggingar um að hlífa hægri fæti. Hann hafi leitað aftur á slysadeild nokkru síðar en þá hafi vökvi verið kominn í hnéð og hafi hann átt erfitt með að beita fætinum eðlilega. Hafi hann leitað til Jóns Ingva Ragnarssonar sérfræðings vegna áverka á hné. Eftir skoðun og eftirlit hjá honum hafi niðurstaða orðið að skemmdir hafi orðið á brjóski í hægra hné. Þó hafi ekki verið talið að hnjááverki myndi valda A varanlegu tjóni. Þó svo ekki liggi frammi í málinu vottorð frá Jóni Ingva um skoðun á A þykir engu að síður, og þá sérstaklega í ljósi vottorðs Hrafnkels Óskarssonar lækni, unnt að miða við að A hafi þjádst í framhaldi af því að ákærði ók bifreið sinni á hann. Á hann af þeim sökum rétt á þjáningabótum á grundvelli 3. gr. skaðabótalaga. Þykir krafa um þjáningabætur í 40 daga sanngjörn og verður hún tekin til greina að fullu.

Höfð hefur verið uppi krafa um miska. A hefur borið um óöryggi í starfi í kjölfar atburða. Þó svo lögreglumenn séu undir það búnir að þurfa að grípa til valdbeitingar eru þeir engu að síður eins settir og aðrir er kemur að því að njóta verndar gegn árásum annarra. Árás ákærða á A var til þess fallin að valda honum miska. Eru bætur hæfilega ákveðnar 150.000 krónur. Bætur vegna um þjáninga og miska nema því samtals 190.800 krónum. Sú fjárhæð ber vexti með þeim hætti er í dómsorði greinir.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða A kostnað, sem hann hefur haft af því að halda fram kröfu sinni, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga 19/1991, með áorðnum breytingum. Lögmanskostnaður telst hæfilega ákveðinn 55.000 krónur.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru skal ákærði sviptur ökurétti í tvö ár. Miðast sú svipting við birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað samkvæmt yfirliti lögreglustjóra um sakarkostnað, ásamt tildæmdum réttargæslu- og málsvarnarlaunum, að viðbættum virðisaukaskatti, sem í dómsorði greinir.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Björn Tómasson, sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 3 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A 190.800 krónur í skaðabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 18. mars 2005 til 26. ágúst 2005, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði 55.000 krónur í lögmannskostnað.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði 202.871 krónu í sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns 153.384 krónur.

Símon Sigvaldason.